

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar
Innrímel 3 Stjórnsýsluhúsið
301 Akranesi

B.t. Lindu Bjarkar Pálsdóttur, sveitarstjóra

Akranesi, 20. desember 2022.

Afrit: Akraneskaupstaður

Akrakot, synjun á færslu sveitarfélagamarka

Vísað er til afgreiðslu sveitarstjórnar þann 14. desember sl. á beiðni Akraneskaupstaðar um færslu á sveitarfélagamörkum, á óbyggðum hluta jarðarinnar Akrakots, nánar tiltekið landsvæðisins ofan við núverandi byggð. Afgreiðsla erindisins var á þá leið að hafnað var beiðni Akraneskaupstaða. Það er vandséð að tilgreindur hluti Akrakots nýtist til uppbyggingar fyrir Hvalfjarðarsveit vegna þess hvernig þessi hluti landsins tengist Akranesi.

Við landeigendur, systkinin frá Akrakoti, viljum lýsa yfir miklum vonbrigðum með afgreiðslu málsins og teljum að með afgreiðslunni hafi sveitarstjórn sent okkur kaldar kveðjur.

Systkinin hafa, eins og sveitarfélaginu er kunnugt um, náð samkomulagi við Akraneskaupstað um sölu á landinu sem er hagfeld fyrir okkur eigendur landsins, fyrir Akraneskaupstað, fyrir Hvalfjarðarsveit og íbúa Hvalfjarðarsveitar í aðliggjandi byggð.

Salan er bundin því skilyrði að Hvalfjarðarsveit samþykki að sveitarfélagamörkum verði breytt á óbyggðum hluta Akrakots. Með því að hafna erindinu liggur því fyrir að salan er í uppnámi. Afleiðingar afgreiðslunnar eru:

- Við systkinin verðum fyrir miklu tjóni
- Hvalfjarðarsveit og íbúar þar verða fyrir tjóni þar sem ekki verður af uppbyggingu innviða og bættri þjónustu sem fengist með auknu samstarfi við Akraneskaupstað
- **Uppbygging Akrakots, ofan núverandi byggðar, styður við uppbyggingu Hvalfjarðarsveitar neðan Innnesvegur sem reikna má með að yrði mjög eftirsótt svæði til uppbyggingar, einkum ef þjónusta byggðist upp ofan Innnesvegur. Við systkinin teljum því að sveitarfélagið sé með þessu að skerða eigin tekjumöguleika af útsvari og fasteignagjöldum á því svæði.**

Rökstuðningur synjunarinnar er að Hvalfjarðarsveit (1) missi skipulagsvald yfir svæðinu, (2) möguleika til að hafa áhrif á uppbygginguna, (3) áhrif á nærliggjandi jarðeigendur auk (4) framtíðartekna af útsvari og skatti.

Landeigendur telja að ekkert af framangreindu ætti að leiða til synjunar á erindinu ef betur er að gáð. **Landeigendur hvetja því sveitarstjórn til að endurskoða afstöðu sína.**

Vissulega er rétt að Hvalfjarðarsveit mun missa skipulagsvald yfir óbyggðum hluta Akrakots falli það til annars sveitarfélags. Það er augljóst. Ef vilji er til þess hjá Hvalfjarðarsveit gæti sveitarfélagið óskað eftir samningi um aðkomu að skipulagi Akrakotslands umfram það sem lög gera ráð fyrir. Sérstaklega hvernig skipulag Akrakotslands muni tengjast núverandi byggð Hvalfjarðarsveitar. Þannig myndi Hvalfjarðarsveit hafa áhrif á uppbygginguna og á hagsmuni annarra landeigenda sem og íbúa á svæðinu. Það er því ekki áhyggjuefni fyrir sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar að hún geti ekki haft áhrif á skipulag svæðisins.

Vissulega er það rétt hjá sveitarstjórninni að verði sveitarfélagamörkin færð fær Hvalfjarðarsveit ekki útsvar eða tekjur af íbúum á óbyggða svæði Akrakots ofan núverandi byggðar. Við teljum það hins vegar augljóst að vegna legu svæðisins verður það ekki byggt upp nema sem hluti Akraneskaupstaðar enda vandséð að land ofan núverandi byggðar nýtist til uppbyggingar fyrir Hvalfjarðarsveit. Umrætt svæði mun hins vegar styðja við uppbyggingu svæðisins sunnan Innnesvegar, þ.e. í Hvalfjarðarsveit, m.a. vegna innviða sem þar verða byggðir upp. Breytt sveitarfélagamörk munu því líklega auka tekjur Hvalfjarðarsveitar en ekki minnka þær.

Til viðbótar framangreindu þá hefur okkur systkinum verið kynnt reglubundið hvað Akraneskaupstaður hefur boðið Hvalfjarðarsveit samhliða óskum þeirra. Í þeim samtölum um málið við Hvalfjarðarsveit, var boðið áframhaldandi og aukið samstarf sveitarfélaganna, til hagræðingar fyrir bæði sveitarfélögin og til hagsbóta fyrir íbúa beggja sveitarfélaga. Í þessu boði Akraneskaupstaðar hafi m.a. falist:

- Ef af sölnunni verður hefur Akraneskaupstaður lýst því yfir að hann strax leggja drög að hraðari uppbyggingu á svæðinu. Hraðari uppbygging á öllum innviðum á svæðinu mun leiða til þess að fasteignir Hvalfjarðarsveitarmegin verða verðmætari og meiri eftirspurn verður eftir þeim. Þetta mun síðan leiða til enn hraðari uppbyggingar á íbúðarlóðum Hvalfjarðarsveitarmegin sem mun leiða til þess að Hvalfjarðarsveit fær auknar tekjur í formi fasteignagjalda og útsvars.
- Möguleg ný vegtenging frá Þjóðvegi, sem búi til betri vegtengingu inn í nýtt hverfi og góða samfellu við núverandi byggð Hvalfjarðarsveitar. Ávinningur af þessu væri að losað yrði um núverandi umferð sem nú fer um Innnesveg.
- Samstarf um uppbyggingu leikskóla sem myndi bæði þjóna byggð Akraness og Hvalfjarðarsveitar á þessu svæði.
- Samstarf um að börn á aldrinum 10-16 ára í Hvalfjarðarsveit gætu notað frístundamiðstöð Þorpsins á Akranesi og ef áhugi væri fyrir því gæti samstarfið orðið gagnkvæmt. Ávinningur af samstarfi sveitarfélaganna á þessu sviði yrði sá að börn úr Hvalfjarðarsveit og af Akranesi myndu kynnast betur áður en kæmi að framhaldsskólaaldri sem yrði ávinningur af til lengri tíma í lífinu. Vitað er til þess að mörg börn úr Hvalfjarðarsveit hafa áhuga á að sækja félagsmiðstöðvastarfið og í ungmennahús á Akranesi.
- Boð um samtal um fleiri samstarfsmöguleika sem ávinningur gæti verið af fyrir íbúa beggja sveitarfélaga. Samkvæmt upplýsingum okkar systkina hafa þessir möguleikar ekkert verið kannaðir.

Ekkert er vikið að framangreindu boði Akraneskaupstaðar í bókun sveitarstjórnar sem okkur finnst undarlegt. Sveitarstjórnin hlýtur að gera sér grein fyrir því að uppbygging innviða á þessu svæði myndi styðja við núverandi byggð í sveitarfélaginu. Aukin þjónusta mun auka eignaverð á svæðinu íbúum til hagsbóta.

Við systkinin teljum, með vísan til framangreinds, að Hvalfjarðarsveit hafi í raun meiri hagsmuni af því að samþykkja beiðni Akraneskaupstaðar en að hafna henni.

Með vísan til framangreinds skorum við á sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar að endurskoða afstöðu sína og taka málið upp að nýju, mögulega með viðræðum við Akraneskaupstað í millitíðinni. Málið varðar okkur landeigendur mjög miklu og því nauðsynlegt að ekki sé kastað til þess höndunum heldur sé málið skoðað raunverulega m.t.t. þeirra hagsmuna sem uppi eru í málinu fyrir alla aðila þ.e. okkur landeigendur, Hvalfjarðarsveit og Akraneskaupstað.


Óháð öðru er óskað eftir svörum við eftirfarandi spurningum:

- A. Er ekki sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar að láta gullið tækifæri fram hjá sér fara hvað varðar möguleika til aukins samstarfs við Akraneskaupstað um þjónustu við börn á grunnskólaaldri?
- B. Hyggst Hvalfjarðarsveit skipuleggja þéttbýlissvæði á landi okkar landeigenda Akrakots?
- C. Hefur Hvalfjarðarsveit metið kostnað við slíkt skipulag og/eða þjónustu vegna þess?
- D. Hyggst Hvalfjarðarsveit skipuleggja svæðið á annan hátt og hvaða tímarammi er þá á því?
- E. Var beiðni Akraneskaupstaðar skoðuð til hlítar áður en hún var afgreidd? Hefur t.d. verið lagt mat á kosti þess og galla að samþykkja beiðni Akraneskaupstaðar t.d. hverjar eru meintar tapaðar tekjur (sbr. bókun sveitarfélagsins), hver sparnaður vegna hagræðingar væri eða fjárhagslegt eða félagslegt gildi mögulegrar þjónustu skv. boði Akraneskaupstaðar o.s.frv.
- F. Við systkinin höfum á tilfinningunni að þessi ákvörðun sé lituð af einhverjum öðrum eldri samskiptum við Akraneskaupstað frekar en þessari afmörkuðu beiðni. Er þessi tilfinning okkar rétt?
- G. Vill Hvalfjarðarsveit festa kaup á landinu á sama verði og Akraneskaupstaður hefur boðið?

Landeigendur Akrakots óska eftir fundi ásamt ráðgjafa okkar með sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar eins fljótt og auðið er til að ræða efna þessa bréfs.


Virðingarfyllt,
f.h. landeigenda Akrakots,



Ellert Björnsson



Björn Björnsson


Eufémía Berglind Guðnadóttir


Guðrún Björnsdóttir


Ása María Björnsdóttir


Ólafía Guðrún Björnsdóttir


Ólafur Runar Björnsson


Hjördís Hólm Björnsdóttir